



## Fundargerð

---

Aðalfundur Golfklúbbsins Leynis árið 2020 var haldinn í fjarfundi í Teams en stjórnað frá frístundamiðstöðinni Garðavöllum, fimmtudaginn 3. desember 2020, kl. 20:00.

Formaður GL, Oddur Pétur Ottesen, bauð fundarmenn velkomna og tilkynnti að Viktor Elvar Viktorsson yrði fundarstjóri fundarins og Ella María Gunnarsdóttir fundarritari. Að því loknu tók fundarstjóri við. Í upphafi fundar fór fundarstjóri yfir „leikreglur“ við rafræna fundinn, bað fundarmenn að hafa slökkt á míkrafónum þegar þeir væru ekki með orðið og sýndi fundarmönnum með hvaða hætti kosningar færu fram. Að því búnu tók hefðbundin aðalfundar dagskrá við.

Löglega var staðið að boðun fundar þ.e. með a.m.k. 7 daga fyrirvara.

### 1. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar GL, Oddur Pétur, flutti skýrslu stjórnar en skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu klúbbsins [www.leynir.is](http://www.leynir.is). Framkvæmdastjóri GL tók því næst við og flutti skýrslu framkvæmdastjóra sem jafnframt er aðgengileg á heimasíðu klúbbsins. Hún greindi jafnframt frá breytingum við uppsetningu og aðferðafræði við gerð ársreiknings frá fyrri árum. Markmið þeirra breytingar er að einfalda uppgjör, auðvelda aðgengi að tölulegum upplýsingum og samanburð við aðra golfklúbba sem og að gera reikninginn gagnsæjari.

### 2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Heimir Bergmann, gjaldkeri stjórnar GL, fór yfir ársreikning félagsins. Tekjur námu alls rúmlega 127,6 m.kr. og rekstrargjöld voru rúmar 104,6 m.kr. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsliði var því rúmlega 23 m.kr. Ársreikningar félagsins eru aðgengilegir í heild sinni á heimasíðu klúbbsins.

### 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar bornir undir atkvæði

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins.

Undir þessum dagskrárlið tóku eftirfarandi til máls:

Hörður Helgason fyrir hönd ÍA, óskaði klúbbum til hamingu með góða skýrslu og glæsilega reikninga. Óskaði klúbbum til hamingju með góðan rekstur og gott ár.

Guðjón Viðar Guðjónsson, spurði út í 15 m.kr. kostnað við skrifstofu. Hver væri fjöldi stöðugilda og hver laun fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjóra væru. Raketl Óskarsdóttir og Oddur Pétur voru til svara.



## Fundargerð

---

Sigþór Sigurðsson, beindi spurningu til formanns varðandi fjölgun félagsmanna í 750 og hvort ekki yrði erfiðara að fá rástíma ef félögum fjölgaði. Oddur Pétur útskýrði þörf klúbbsins á að þetta væri mikilvægt til að brúa ákveðið bil í rekstri klúbbsins. Þá bætti fundarstjóri við að skv. hans vitneskju þá bæri Garðavöllur vel að félagar yrðu 800.

Magnús H. Sólmundsson óskaði stjórn og starfsfólki klúbbsins til hamingju með frábæran árangur við erfiðar aðstæður.

### Ársreikningurinn og skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða

(35 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámynd 1 með niðurstöðum)

#### **4. Breytingar á lögum GL**

Fyrir fundinum lágu tillögur að lagabreytingum sem voru aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins.

Oddur Pétur kynnti þær breytingar sem lagðar voru til. Stærsta breytingin felst í því að lög in skulu uppfylla kröfur fyrirtækjaskrár varðandi slit félags eða mögulega sameiningu og koma þær breytingar fram með nýrri grein, 11. gr. Aðrar breytingatillögur snúa að því að aðlaga texta að breyttum aðstæðum í rekstri klúbbsins auk orðalagsbreytinga.

### Tillögur að lagabreytingum voru samþykktar samhljóða

(37 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámynd 2 með niðurstöðum)

#### **5. Fjárhagsáætlun 2021 og tillaga að félagsgjöldum**

Oddur Pétur kynnti tillögu að félagsgjöldum og flokkaskiptinu ársins 2021 og var eftirfarandi:

- Lagt er til að halda að mestu óbreyttri verðskrá fyrir árið 2021 í ljósi góðrar afkomu
- Lagt er til að fella út staðgreiðsluafslátt
- Gull aðild – vildarvinur, kr. 110.000
- Fullorðnir 27-66 ára, kr. 93.000
- Makar, 67 ára og eldri, nýliðagjald 2 ár, kr. 67.500
- Fjaraðild, 54.900
- Nýliðagjald 1 ár, kr. 40.000
- Ungmennagjald 19-26 ára, kr. 33.000
- Börn yngri en 18 ára, kr. 28.000
- Börn/unglingar 18 ára og yngri, æfingagjald kr. 40.000. (Skiptist kr. 20.000 kr. vetur/20.000 kr. sumar)



## Fundargerð

---

Fram kom í máli formanns að sú hugmynd væri uppi að breyta aldursviðmiðum fyrir gjaldaflokkinn 67 ára og eldri þannig að það miðist við 70 ára og eldri og það mætti vænta tillögu um það á aðalfundi að ári liðnu.

Rakel Óskarsdóttir kynnti fjárhagsáætlun ársins 2021.

Helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar ársins 2021:

- Áætlun rekstartekna 122 m.kr.
- Áætlun rekstargjalda 109,8 m.kr.
- Áætlun hagnaðar af reglubundinni starfsemi 12,2 m.kr.
- Áætlun hagnaðar eftir afskriftir og fjármagnshreyfingar rúmar 3,5 m.kr.

Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir umræður um fjárhagsáætlun næsta starfsárs og tillögu að félagsgjöldum.

Til máls tóku:

Guðjón Viðar Guðjónsson ánægður með að félagsgjöld séu ekki að hækka og tjáði sína skoðun á við hvaða aldur eigi að miða við gjöld kylfinga í elsta aldursflokknum.

Fjárhagsáætlun og félagsgjöld samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

(36 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámynd 3 með niðurstöðum)

### 6. Kosning stjórnar og varamanns í stjórn

Allir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Í framboði eru: Oddur Pétur Ottesen, til formanns, Heimir Bergmann, í stjórn, Hörður Kári Jóhannesson í stjórn og Hróðmar Halldórsson til varamanns.

Samþykkt samhljóða og eru ofangreindir því réttkjörnir í stjórn.

(36 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámyndir 4 og 5 með niðurstöðum)

### 7. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara

Tillaga var gerð um eftirfarandi skoðunarmenn:

- Andrés Ólafsson
- Elías Ólafsson
- Skúli Garðarsson til vara



## Fundargerð

---

### Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

(36 á fundinum þegar kosið var – sjá skjámynd 6 með niðurstöðum)

### 8. Önnur mál

Oddur Pétur kynnti hverjir hlytu eftirfarandi viðurkenningar:

**Guðmundar og Óðinsbikarinn** (farandgripur): Jón Ármann Einarsson

Guðmundar og Óðinsbikar er gefin af Helga Daníelssyni 1990. Viðurkenningar hafa verið t.d. Íslandsmeistari einstaklinga, Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ, sjálfboðaliðavinna, öflugur stuðningsmaður GL, Íþróttamaður Akranes, Þátttaka í landsliðsverkefnum svo eitthvað sé upptalið.

Jón Ármann Einarsson hefur verið félagsmaður í Golfklúbbnum Leyni um alllangt skeið og lagt fram ómælda aðstoða sína við ýmiskonar vélavinnu á vellinum. Helstu verkefni má telja uppgröftur fyrir nýja vélaskemmu, hreinsun skurða og tjarna, ýmsar lagfæringar og viðbætur á vellinum er við kemur teigum, brautum og nærsvæðum og ýmiskonar jarðvinna í tengslum við frístundamiðstöðina Garðavöll. Golfklúbburinn Leynir er Jóni Ármanni mikils verður og golfklúbburinn er heppinn að eiga slíkan félagsmann í sínum röðum. Jón Ármann er því verðugur þess að hljóta Guðmundar og Óðinsbikarinn.

**Háttvísisverðlaun GSÍ** (farandgripur): Tristan Freyr Traustason

Háttvísibikarinn er gjöf frá GSÍ til GL og er hann veittur ár hvert þeim kylfingi undir 18 ára aldri sem endurspeglar hvað mest þá eiginleika sem GL vill sjá í afreksefnaunglingum sínum.

Það er þjálfari GL sem tilnefnir kylfinginn. Tristan Freyr er einstaklingur sem skarar framúr með framúrskarandi hegðun og góðri fyrirmynd fyrir aðra kylfinga, bæði unga sem aldna í klúbbnum. Tristan Freyr er mikill keppnismaður sem veigrar sér ekki við að mæta utan æfingatíma til að ná aukaæfingum og eru framfarirnar í takt við það. Hann er mikil fyrirmynd bæði innan golfvallar sem utan og við getum verið stolt af því að Tristan Freyr er félagi í Golfklúbbnum Leyni.

**Forgjafarframför 2020** voru ekki veitt í ár vegna nýs forgjafakerfis sem tekið var upp í vor.

**Flestir spilaðir hringir 2020:** Jón Alfreðsson

Spilaði og skráði sig á rástíma 127 hringi.

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.



## Fundargerð

---

Til máls tóku:

Hörður Helgason tók til máls f.h. stjórnar ÍA og óskaði GL til hamingju með frábært ár. Þakkaði fyrir skýra og greinargóða skýrslu, gaman að sjá jákvæða niðurstöðu í ársreikningum. Óskaði þeim einstaklingum sem fengu viðurkenningu til hamingju með árangurinn og tók undir hversu mikilvægt það er hverju félagi að hafa góða sjálfbóðaliða. Þakkar fráfarandi og áframhaldandi stjórn fyrir gott starf.

Oddur Pétur tók til máls og óskaði stjórnarfólki til hamingju með endurkjörið og þakkar fundarmönnum fyrir hlý orð í garð stjórnar. Hlakkar til að sjá alla á nýjum tíma og sleit fundi.

55. aðalfundi GL slitið kl. 21.36.

Fundargerð ritaði Ella María Gunnarsdóttir

## Fylgiskjal með fundargerð – skjámyndir af kosningum

### Skjámynd 1 – Kosning um ársreikning 2020

A screenshot of a Zoom meeting titled "Aðalfundur GL". The main screen displays a slide with the heading "Tilgangur" (Purpose). The slide text reads: "Uppfylla kröfur fyrirtækjaskrár, aðlaga texta að breyttum aðstæðum í rekstri klúbbsins auk orðalagsbreytinga. Samkv. kröfum fyrirtækjaskrár bætist við ný grein um með hvaða hætti skuli staðið að ákvörðun um slit félagsins eða mögulegri sameiningu – er þetta 11. GR. Orðalagsbreytingar eru auðkenndar með bláum lit í texta. Efnislegar breytingar eru auðkenndar með gulum lit í texta".

Below the slide, a poll titled "Ársreikningur 2020, samþykktur?" (Annual report 2020, approved?) is shown. The poll results are: "já" (yes) at 100% (27) and "nei" (no) at 0% (0). The poll was created by Rákel Óskarsdóttir at 8:47 PM.

The meeting chat on the right shows a message from Rákel Óskarsdóttir: "Rákel Óskarsdóttir created a poll. Results shared; Not anonymous". Below the poll, it says "27 responses".

At the bottom, a video gallery shows participants: Pétur Ottosen, Viktor Elvar Viktorsson, and Rákel Óskarsdóttir. The system tray at the bottom indicates the time is 20:50 on 3.12.2020.

### Skjámynd 2 – Kosning um lagabreytingar


A screenshot of a Zoom meeting titled "Aðalfundur GL". The main screen displays a poll titled "Lagabreytingar, samþykktar?" (Amendments, approved?). The poll results are: "já" (yes) at 100% (27) and "nei" (no) at 0% (0). The poll was created by Rákel Óskarsdóttir at 8:58 PM.

The meeting chat on the right shows a message from Rákel Óskarsdóttir: "Rákel Óskarsdóttir created a poll. Results shared; Anonymous". Below the poll, it says "27 responses".


The video gallery at the bottom shows participants: Viktor Elvar Viktorsson, Pétur Ottosen, Guðjón V. Guðjónsson, Hróðmar Halldórsson, Alfreð Alfreðsson, Hörður Helgason (Guest), Sigþór Sigurðsson, Magnús H. Sólmundsson, and Rákel Óskarsdóttir. The system tray at the bottom indicates the time is 20:59 on 3.12.2020.

# Fundargerð

## Skjámynd 3 – Kosning um fjárhagsáætlun og árgjöld 2021




## Skjámynd 4 – Kosning um formann stjórnar





# Fundargerð

Skjámynd 5 – Kosning um meðstjórnendur og varamann í stjórn



Skjámynd 6 – Kosning skoðunarmanna reikninga og varamanns

